

9. gr.

Fulltrúaráðið getur samþykkt að gefa nýjum félögum kost á að gerast aðilar að sjálfseignarstofnuninni og tilnefna fulltrúa í fulltrúaráð hennar ef $\frac{2}{3}$ fulltrúaráðsmanna samþykkja það. Hætti einhver stofnenda störfum (félag lagt niður) fækkar fulltrúaráðsmönnum að sama skapi.

Verði félög þau, sem aðild eiga að sjálfseignarstofnuninni færri en fimm eða félögum fækkar svo vegna ákvörðunar þeirra um að hætta afskiptum af sjálfseignarstofnuninni, skal fjölga fulltrúum, sem félögin tilnefna í fulltrúaráðið þannig, að ætíð sé unnt að kjósa stjórn og varastjórn úr hópi fulltrúaráðsmanna.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari getur fulltrúaráðið ekki breytt nema með $\frac{2}{3}$ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna, en þó því aðeins að Stjórnarráð Íslands (það ráðuneyti sem fer með staðfestingar skipulagsskráa) staðfesti þær.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breyting á deiliskipulagi í Laugarási í Reykjavík.**

Hinn 29. júní 1983 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest breyting á deiliskipulagi í Laugarási. Breytingin tekur til stærðar byggingarreita.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt.**

1. gr.

20. tl. 13. gr. orðist svo:

Kol og koks til iðnaðarframleiðslu, húshitunar og hitunar laugarvatns. Vörur þessar eru söluskattskyldar til sérhverra annarra nota.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 18. júlí 1983.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.